



Velferðanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 30. nóv. 2023  
/2311144

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ókeypis getnaðarvarnir fyrir einstaklinga yngri en 25 ára, 77.mál, 154. löggjafarþing 2023–2024.

Tillaga: Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að gera getnaðarvarnir aðgengilegar einstaklingum undir 25 ára þeim að kostnaðarlausu.

Umsögn sóttvarnalæknis:

Tillaga þessi snýst um að gera getnaðarvarnir aðgengilegar einstaklingum yngri en 25 ára þeim að kostnaðarlausu til að stuðla að betra kynheilbrigði og sporna við ótímabærum þungunum.

Getnaðarvarnir eru af nokkrum tegundum. Hormónagetaðarvarnir og lykkjan koma í veg fyrir ótímabæra þungun en smokkurinn gegnir tvískiptu hlutverki: Kemur í veg fyrir ótímabæra þungun og er einnig öflugt tæki til að koma í veg fyrir smit kynsjúkdóma. Hversu vel smokkar virka fer eftir hvort þeir eru rétt notaðir. Ef rétt notaðir hefur verið sýnt fram á að smokkanotkun dregur marktækt úr smiti á kynsjúkdómum (1,2,3).

Smokkurinn gegnir mikilvægu hlutverki í að koma í veg fyrir smit og dreifingu kynsjúkdóma í samfélagini. Sóttvarnarlæknir styður að smokkar séu ókeypis og aðgengilegir ungu fólk, sem oft á tíðum hefur ekki mikil fjárráð. Það að smokkar væru ungu fólk að kostnaðarlausu myndi líklega auka notkun smokka og þannig draga úr dreifingu kynsjúkdóma. Í tveim eiginlegum rannsóknum á smokkanotkun ungra karlmannna á Íslandi kom m.a. fram að þeim fannst smokkar almennt of dýrir (4, 5). Í úttekt sem kom út í Svíþjóð 2020 á því að getnaðarvarnir voru gerðar ókeypis árið 2017 fyrir einstaklinga undir 21 árs að aldri, kom í ljós að hlutfall þeirra sem leystu út getnaðarvarnarlyf jókst (6). Fyrir utan heilsuábata einstaklinga gæti aukin notkun smokka einnig minnkað kostnað í heilbrigðiskerfinu varðandi rannsóknir, smitrakningu og meðferð kynsjúkóma.

Það er áhyggjuefni að tilfelli kynsjúkdóma hafa aukist töluvert síðustu ár og sérstaklega hefur lekandatilfellum fjölgáð. Lekandi er tilkynningar skyldur sjúkdómur og frá árinu 2018 hefur fjöldi greindra tilfella lekanda á Íslandi næstum þrefaldast (180% aukning) og mest aukning milli ára varð síðastliðin tvö ár. Milli áranna 2022 og 2023 (til og með október 2023) varð næstum tvöföldun á lekandatilfellum (tæp 90% aukning). Lekandi er alvarleg bakteriusýking sem getur haft slæmar afleiðingar fyrir sýktan einstakling bæði varðandi kynheilbrigði og vegna fylgikvilla. Einnig er sýklalyfjaónæmi lekandabakteríunnar aukið áhyggjuefni. Vitað er að smokkar draga úr smiti kynsjúkdómannna lekanda og klamydíu séu þeir rétt notaðir (1).

Smokkar draga einnig úr smithættu vegna sjúkdómannna HIV, sárasóttar og lifrabólgu B, en þeir sjúkdómar hafa verulega neikvæðar heilsufarslegar afleiðingar. Þá getur lyfjameðferð þeirra verið kostnaðarsöm.

Sóttvarnarlæknir styður tillögu þess efnis að smokkar verði einstaklingum yngri en 25 ára þeim að kostnaðarlausu til að draga úr dreifingu kynsjúkdóma og neikvæðum heilsufarslegum afleiðingum sem af þeim stafa auk annars kostnaðar við greiningu og meðferð. Þetta gæti verið mikilvægt spor í að stemma stigu við þeirri aukningu á tíðni sem við höfum séð undanfarin ár.

Í lokin, ein leiðréttung varðandi fullyrðingu í tillögnum um að algengustu kynsjúkdómarnir smitist með bakteríum og lúsum. Algengustu kynsjúkdómarnir smitast með bakteríum og veírum en ekki lúsum. Kynsjúkdómar sem smitast með sníkjudýrum, lúsum og maurum eru vissulega til en bakteríur og veírur valda þó fleiri kynsjúkdóum. Smokkar koma í veg fyrir dreifingu smita af völdum baktería og veíra. Smokkar koma líklega ekki í veg fyrir smit af völdum maura eða lúsa.

Með kveðju,

  
\_\_\_\_\_  
Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir

Tilvísanir:

1. Warner L, et.al. Sexual transmitted diseases 2006; 33(1): 36-51. Condom use and risk of gonorrhea and Chlamidya: a systematic review of design and measurement factors assessed in epidemiologic studies. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/16385221/>
2. World Health Organization, Condoms, Key facts. 20. júlí 2023: <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/condoms>
3. Centers for Disease Control and Prevention, Condom Fact Sheet in Brief. 14. September 2021: <https://www.cdc.gov/condomeffectiveness/brief.html>
4. Sóley S. Bender, Snæfríður Jóhannesdóttir, Sigurbjörg Lind Ellertsdóttir. Tímarit hjúkrunarfræðinga 2022; 98(2): 91-97. „Þetta er ekkert flókið“. Smokkanotkun ungra karlmannna. <https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/3528/Smokkanotkun....pdf?sequence=1&isAllowed=y>
5. Sóley S. Bender, Katrín Hilmarsdóttir, Þóra Jenný Gunnarsdóttir. Tímarit hjúkrunarfræðinga 2021; 97(3): 86-94. Smokkanotkun ungra karlmannna. Viðhalda reisn. Eigindleg rannsókn. <https://www.hjukrun.is/felagid/timaritid/greinasafn>
6. Kostnadsfria preventivmedel till unga. Myndigheten för vård- och omsorgsanalys. Rapport 2020:13: [Kostnadsfria preventivmedel till unga | Vård- och omsorgsanalys \(vardanalys.se\)](https://vardanalys.se/Kostnadsfria_preventivmedel_till_unga)

Field Code Changed